ÁRSFUNDUR FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS HALDINN FIMMTUDAGINN 3. JÚNÍ 2025 KL. 17:15 Í HÖFUÐSTÖÐVUM ARION BANKA, BORGARTÚNI 19, 105 REYKJAVÍK.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Ásdís Eva Hannesdóttir stjórnarformaður Frjálsa lífeyrissjóðsins setti fundinn kl. 17:15 og bauð sjóðfélaga velkomna. Hún lagði til að Gestur Jónsson hrl. yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Gestur tók við fundarstjórn.

Fundarstjóri vakti athygli á að fundinum væri streymt og yrði tekinn upp. Hann lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir, starfsmaður Arion banka, yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði samþykkta sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bærann að afgreiða dagskrárefni. Bent var á að öll fundargögn væru á vefsíðu sjóðsins.

Fundarstjóri tók fram að kosning um samþykktabreytingar og stjórnarlaun færi fram rafrænt undir viðkomandi dagskrárliðum og gætu sjóðfélagar sem fylgjast með fundinum í gegnum streymi tekið þátt í atkvæðagreiðslu.

Fundarstjóri upplýsti að stjórn hefði leitað til KPMG um eftirlit með framkvæmd rafrænu kosningarinnar. Til þess valdist Ingvar Ágúst Ingvarsson, endurskoðandi.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. **Skýrsla stjórnar**
2. **Kynning ársreiknings**
3. **Kynning á niðurstöðu rafrænna stjórnarkosninga**
4. **Tryggingafræðileg athugun**
5. **Fjárfestingarstefna sjóðsins**
6. **Kjör endurskoðanda**
7. **Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins**
8. **Laun stjórnarmanna**
9. **Önnur mál**

1. Skýrsla stjórnar

Ásdís Eva Hannesdóttir, stjórnarformaður Frjálsa, tók til máls og gerði grein fyrir skýrslu stjórnar um rekstur, starfsemi og hag sjóðsins á síðastliðnu starfsári. Ásdís bauð fundargesti velkomna í ávarpi sínu fór hún yfir skýrslu stjórnar, sjá ávarp stjórnarformanns um skýrslu stjórnar.

2. Kynning ársreiknings

Arnaldur Loftsson framkvæmdastjóri Frjálsa og Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka, kynntu ársreikning Frjálsa 2024. Sjá ársreikning 2024 og glærur sem þeir studdust við í kynningum sínum.

Arnaldur vakti fyrst athygli sjóðfélaga á rafrænum leiðum Frjálsa í appi Arion banka, hann benti á að sjóðfélagar Frjálsa þurfa ekki að vera í viðskiptum við Arion banka til að geta notað appið. Einstök

yfirsýn og stjórn er í Arion appinu. Arnaldur benti á að Frjálsi er á helstu miðlum eins og Facebook, Linkedin og Instagram. Frjálsi er einnig hluti af Arion fríðindum.

Arnaldur fór m.a. yfir breytingu á hreinni eign 2024 og bar saman við hreina eign 2023, þróun á helstu tölum Frjálsa sl. 5 árin, fjölda greiðanda, heildarfjölda sjóðfélaga og fjölda lífeyrisþega, skiptingu iðgjalda, skyldu- og viðbótariðgjalda sem og skiptingu á séreign og samtryggingu. Farið var yfir fjárfestingartekjur á árinu 2024, og þróun kostnaðar. Arnaldur fór yfir samanburð á tryggingafræðilegri stöðu á milli ára 2023 – 2024 og áætlaða breytingu á hreinni eign 2025.

Arnaldur þakkaði stjórn og starfsmönnum Arion banka samstarfið.

Hjörleifur Arnar Waagfjörð fór yfir síðari hluta ársreiknings, ávöxtun og eignasamsetningu sjóðsins.

Hjörleifur fór yfir þróun markaða 2024, ávöxtun fjárfestingaleiðanna á árinu, helstu eignaflokka og áhrif þeirra til ávöxtunar sjóðsins, sundurliðun innlendra skulda- og hlutabréfa, sérhæfðar innlendar og erlendar fjárfestingar sem og sundurliðun erlendra verðbréfa. Hjörleifur fór einnig yfir áhrif uppgjörs ÍL sjóðs á íbúðarbréfum í eignasafni Frjálsa. Hjörleifur sagði að lokum frá þróun markaða það sem af er ári 2025.

Að þessu loknu gaf fundarstjóri orðið laust og óskaði enginn eftir að taka til máls.

3. Kynning á niðurstöðu rafrænna stjórnarkosninga

Fundarstjóri upplýsti að samkvæmt samþykktum Frjálsa skal stjórn sjóðsins skipuð sjö sjóðfélögum og þremur til vara, kosnum af sjóðfélögum. Stjórnarmenn eru kosnir til þriggja ára í senn.

Átta framboð bárust í þrjú laus sæti í aðalstjórn. Í ljósi samsetningar þeirra stjórnarmanna sem sitja áfram í aðalstjórn hlýtur kosningu a.m.k. einn frambjóðandi af hvoru kyni.

Fimm framboð bárust í eitt laust sæti í varastjórn.

Niðurstaða kosningar í aðalstjórn:

Elín Þórðardóttir	32,06%
Elías Jónatansson	30,23%
Haraldur Pálsson	17,57%
Sigurður Ólafsson	7,69%
Þóra Valný Yngvadóttir	4,80%
Egill Örn Sigþórsson	3,98%
Jóhann Sveinn Sigfússon	1,92%
Kristjana Kjartansdóttir	1,75%
Tók ekki afstöðu	0,0%
Samtals	**100 %**

Elín Þórðardóttir, Elías Jónatansson og Haraldur Pálsson eru því réttkjörin í stjórn til næstu þriggja ára.

Niðurstaða kosningar í varastjórn:

Haraldur Pálsson	45,9%

Egill Örn Sigþórsson	18,2%
Kristjana Kjartansdóttir	11,4%
Þóra Valný Yngvadóttir	11,3%
Jóhann Sveinn Sigfússon	7,0%
Tek ekki afstöðu	6,2%
Samtals	**100 %**

Þar sem að Haraldur Pálsson var réttkjörinn í stjórn til þriggja ára, er Egill Örn Sigþórsson réttkjörinn í varastjórn til næstu þriggja ára.

4. Tryggingafræðileg athugun

Bjarni Guðmundsson fór yfir tryggingafræðilega stöðu Frjálsa lífeyrissjóðsins í lok árs 2024. Hann upplýsti um að forsendur voru að mestu þær sömu og i fyrra en nú væru nýjar hjúskapar- og barneignalíkur. Nýjar örorkulíkur fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn lækkar mat skuldbindinga, notað er 65% af meðalörorkutíðni fyrir karla og 55% fyrir konur. Lífslíkur þeirra sem verða fyrir orkutapi eru minni en lífslíkur annarra, svo af þessu leiðir einnig að meðalævi sjóðfélaga Frjálsa lífeyrissjóðsins reiknast lengri en er að meðaltali hjá lífeyrissjóðum, sagði Bjarni.

Niðurstaða tryggingafræðilegs mats í lok árs 2024 var að áfallin staða er nú -4,8%, framtíðarstaðan er jákvæð um 2,8% og er heildarstaðan -1,1%. Heildarstaðan er því innan ramma laganna og eru því engar kvaðir á sjóðnum að breyta samþykktunum. Sjóðurinn er ungur, sem veitir nokkra vernd gegn sveiflum í ávöxtun. Staða á réttindaöflum eru í góðu jafnvægi miðað við þær forsendur sem reiknað er eftir. Halli á áfallinni stöðu minnkar verulega milli ára. Eignaaukning 2024 vegna ávöxtunar umfram 3,5% vaxtaforsendu var nærri 5 milljarðar.

Að þessu loknu gaf fundarstjóri orðið laust og óskaði enginn eftir að taka til máls.

5. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta Arion banka fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins vegna ársins 2025. Sjá fjárfestingarstefnu Frjálsa 2025 og glærurnar sem Hjörleifur studdist við í kynningu sinni.

Fundarstjóri gaf orðið laust, engar spurningar.

6. Kjör endurskoðanda

Stjórn lagði til að KPMG verði áfram endurskoðandi sjóðsins. Engar aðrar tillögur bárust en þær þurfa að berast með sjö daga fyrirvara. KPMG var því sjálfkjörið.

7. Tillögur um breytingar á samþykktum

Fundarstjóri kynnti næsta dagskrárlið, tillögur um breytingar á samþykktum. Hann upplýsti fundinn um að fyrst myndi Kolbrún Kristín Antonsdóttir lögfræðingur og ritari stjórnar sjóðsins kynna tillögur um samþykktabreytingar og greidd yrðu svo atkvæði um þær.

Um var að ræða fimm tillögur um breytingar á samþykktum á greinum númer 11.3, 11.8, 16.7, 16.8 og 17.1.

Kolbrún Kristín Antonsdóttir kynnti breytingartillögur stjórnar og fór yfir rökstuðning fyrir þeim. Tillögurnar höfðu áður verið birtar á heimasíðu sjóðsins fyrir fundinn.

Kolbrún Kristín Antonsdóttir kynnti breytingartillögurnar í eftirfarandi röð:

Lagt er til að gerðar verði fimm breytingar á samþykktum sjóðsins. Viðbótartillögur við samþykktirnar eru auðkenndar með grænu letri og undirstrikun og sá texti sem lagt er til að verði eytt, er auðkenndur með ~~rauðu letri og yfirstrikun~~.

Tillögur stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins um breytingar á samþykktum sjóðsins

Breytingartillaga á gr. 11.3

Breytingartillaga 1 (örorkulífeyrir)

11.3 Ef sjóðfélagi á rétt á framreiknuðum réttindum skal til viðbótar við áunnin réttindi reikna hvaða ellilífeyrisréttindi hann hefði áunnið sér frá orkutapi með greiðslu iðgjalds til 65 ára aldurs og bæta við áunninn örorkulífeyrisrétt. Við framreikning réttindaöflunar skal reikna með meðaltali innborgaðra iðgjalda til lágmarkstryggingaverndar sem renna til tryggingadeildar næstu þriggja ára á undan því ári sem orkutap átti sér stað. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld í fleiri en eina skyldusparnaðarleið á þriggja ára tímabilinu þá skiptist framreikningurinn hlutfallslega á milli leiðanna miðað við greidd iðgjöld í þær. Reynist þriggja ára meðaltal sjóðfélagans óhagstætt vegna ~~t.d.~~ sjúkdóma, náms, barneigna og/eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal átta almanaksára fyrir orkutapið og sleppa því almanaksári sem lakast er sem og því almanaksári sem hagstæðast er. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld í skemmri tíma en átta ár fyrir orkutapið skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Við útreikning á meðaltali skal þó ekki reikna með hærri iðgjöldum en greidd hefðu verið af 12 milljón kr. árslaunum, sbr. grein 9.14. Viðmiðunarfjárhæð launa tekur breytingum í byrjun hvers árs í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2007, 266,2. Fullur örorkulífeyrir er greiddur m.v. 100% örorku en lífeyrisgreiðslur eru hlutfallslegar ef orkutapið er á bilinu 50% - 100%.

Rökstuðningur:

Vinnuhópur á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) telur sanngirnismál að tekið sé tillit til sömu þátta hjá öllum lífeyrissjóðum varðandi 8 ára regluna. Hópurinn gerði því tillögu að samræmingu sem fékk stuðning réttindanefndar LL. Því er lagt til að 8 ára reglan verði samræmd á milli sjóðanna með sanngirnissjónarmið í fyrirrúmi.

Kolbrún fór svo yfir það að eftir að tillögur stjórnar höfðu verið birtar á vef sjóðsins hefði komið fram ábending um það að slys séu ekki nefnd í upptalningu tillögunnar og ákvað stjórn því að leggja fram breytingu á fyrri tillögu þar sem rétt þykir að slys séu einn af þeim þáttum sem litið sé til. Er sú tillaga lögð fyrir fundinn í stað fyrri tillögunnar.

Því fór Kolbrún næst yfir breytingu á fyrri tillögu.

Breytingartillaga á gr. 11.3

Breytingartillaga 1 (örorkulífeyrir)

11.3 Ef sjóðfélagi á rétt á framreiknuðum réttindum skal til viðbótar við áunnin réttindi reikna hvaða ellilífeyrisréttindi hann hefði áunnið sér frá orkutapi með greiðslu iðgjalds til 65 ára aldurs og bæta við áunninn örorkulífeyrisrétt. Við framreikning réttindaöflunar skal reikna með meðaltali innborgaðra iðgjalda til lágmarkstryggingaverndar sem renna til tryggingadeildar næstu þriggja ára á undan því ári sem orkutap átti sér stað. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld í fleiri en eina skyldusparnaðarleið á þriggja ára tímabilinu þá skiptist framreikningurinn hlutfallslega á milli leiðanna miðað við greidd iðgjöld í þær. Reynist þriggja ára meðaltal sjóðfélagans óhagstætt vegna ~~t.d.~~ sjúkdóma, slysa, náms, barneigna og/eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal átta almanaksára fyrir orkutapið og sleppa því almanaksári sem lakast er sem og því almanaksári sem hagstæðast er. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld í skemmri tíma en átta ár fyrir orkutapið skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Við útreikning á meðaltali skal þó ekki reikna með hærri iðgjöldum en greidd hefðu verið af 12 milljón kr. árslaunum, sbr. grein 9.14. Viðmiðunarfjárhæð launa tekur breytingum í byrjun hvers árs í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2007, 266,2. Fullur örorkulífeyrir er greiddur m.v. 100% örorku en lífeyrisgreiðslur eru hlutfallslegar ef orkutapið er á bilinu 50% - 100%.

Rökstuðningur:

Vinnuhópur á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) telur sanngirnismál að tekið sé tillit til sömu þátta hjá öllum lífeyrissjóðum varðandi 8 ára regluna. Hópurinn gerði því tillögu að samræmingu sem fékk stuðning réttindanefndar LL. Því er lagt til að 8 ára reglan verði samræmd á milli sjóðanna með sanngirnissjónarmið í fyrirrúmi.

Breytingartillaga á gr. 11.8

Breytingartillaga 2 (örorkulífeyrir)

11.8 Aldrei skal samanlagður örorku- og barnalífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur orðið fyrir vegna örorkunnar, metið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Við mat á tekjumissi er tekið tillit til atvinnutekna, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum svo og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem sjóðfélaginn nýtur vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur sjóðurinn krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.s.frv. Til mats á því hvort tekjuskerðing hafi orðið vegna örorkunnar skal nota sem viðmiðunartekjur meðaltal tekna sjóðfélagans síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutapið verðbætt til úrskurðardags. Reynist þriggja ára meðaltal sjóðfélagans óhagstætt vegna ~~t.d.~~ sjúkdóma, náms, barneigna og/eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal átta almanaksára fyrir orkutapið og sleppa því almanaksári sem lakast er sem og því almanaksári sem hagstæðast er. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld í skemmri tíma en átta ár fyrir orkutapið skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Viðmiðunartekjurnar taka breytingum frá úrskurðardegi í samræmi við breytingar sem verða á

Rökstuðningur:

Vinnuhópur á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) telur sanngirnismál að tekið sé tillit til sömu þátta hjá öllum lífeyrissjóðum varðandi 8 ára regluna. Hópurinn gerði því tillögu að samræmingu sem fékk stuðning réttindanefndar LL. Því er lagt til að 8 ára reglan verði samræmd á milli sjóðanna með sanngirnissjónarmið í fyrirrúmi.

Kolbrún fór svo yfir það að eftir að tillögur stjórnar höfðu verið birtar á vef sjóðsins hefði komið fram ábending um það að slys séu ekki nefnd í upptalningu tillögunnar og ákvað stjórn því að leggja fram breytingu á fyrri tillögu líkt og gert var með breytingu á gr. 11.3 þar sem rétt þykir að slys séu einn af þeim þáttum sem litið sé til.

Því fór Kolbrún næst yfir breytingu á fyrri tillögu. Er sú tillaga lögð fyrir fundinn í stað fyrri tillögunnar.

Breytingartillaga á gr. 11.8

Breytingartillaga 2 (örorkulífeyrir)

11.8 Aldrei skal samanlagður örorku- og barnalífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur orðið fyrir vegna örorkunnar, metið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Við mat á tekjumissi er tekið tillit til atvinnutekna, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum svo og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem sjóðfélaginn nýtur vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur sjóðurinn krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.s.frv. Til mats á því hvort tekjuskerðing hafi orðið vegna örorkunnar skal nota sem viðmiðunartekjur meðaltal tekna sjóðfélagans síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutapið verðbætt til úrskurðardags. Reynist þriggja ára meðaltal sjóðfélagans óhagstætt vegna ~~t.d.~~ sjúkdóma, slysa, náms, barneigna og/eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal átta almanaksára fyrir orkutapið og sleppa því almanaksári sem lakast er sem og því almanaksári sem hagstæðast er. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld í skemmri tíma en átta ár fyrir orkutapið skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Viðmiðunartekjurnar taka breytingum frá úrskurðardegi í samræmi við breytingar sem verða á

Rökstuðningur:

Vinnuhópur á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) telur sanngirnismál að tekið sé tillit til sömu þátta hjá öllum lífeyrissjóðum varðandi 8 ára regluna. Hópurinn gerði því tillögu að samræmingu sem fékk stuðning réttindanefndar LL. Því er lagt til að 8 ára reglan verði samræmd á milli sjóðanna með sanngirnissjónarmið í fyrirrúmi.

Breytingartillaga á gr. 16.7

Breytingartillaga 3 (tilhögun lífeyrisgreiðslna)

16.7 Sjóðfélögum er heimilt að flytja tilgreinda, bundna og frjálsa séreign til annarra vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Kostnaður við flutning tilgreindrar, bundinnar ~~eða~~og frjálsrar séreignar er skv. verðskrá Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Rökstuðningur:

Lagt er til að síðasta málsgrein í gr. 16.8 verði færð fremst í gr. 16.7. Breytingartillaga er því einnig gerð til samræmis í grein 16.8 hér að neðan.

Breytingartillaga á gr. 16.8

Breytingartillaga 4 (tilhögun lífeyrisgreiðslna)

16.8 Samningum um viðbótarlífeyrissparnað er hægt að segja upp með tveggja mánaða fyrirvara. ~~Samningur fellur úr gildi ef sjóðfélagi hættir störfum, sem er forsenda fyrir greiðslu hans til Frjálsa lífeyrissjóðsins, nema hann óski að halda áfram að greiða til sjóðsins~~. Uppsögn samnings um séreignarsparnað eða viðbótartryggingavernd veitir ekki rétt til útborgunar innistæðu eða réttinda. ~~Sjóðfélögum er heimilt að flytja tilgreinda, bundna og frjálsa séreign til annarra vörsluaðila lífeyrissparnaðar.~~

Rökstuðningur:

Lagt er til að taka út síðustu málsgreinina í gr. 16.8 sem hefur verið færð fremst í grein 16.7, sbr. hér að framan. Að auki er lagt til að önnur málsgreinin í gr. 16.8 verði felld úr samþykktunum þar sem telja má að hún sé villandi þar sem samningurinn fellur ekki úr gildi þegar sjóðfélagi hættir störfum heldur eingöngu ef sjóðfélagi segir upp samningi.

Breytingartillaga á gr. 17.1

Breytingartillaga 5 (endurgreiðsla iðgjalds)

17.1 Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða séreign og réttindi erlendra ríkisborgara, ~~sem hverfa úr sjóðnum~~ vegna brottflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum kostnað vegna tryggingaverndar, sem sjóðfélaginn hefur notið og kostnað vegna umsýslu samkvæmt mati tryggingafræðings. Til að mynda er óheimilt að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópskra efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjasamningum.

Rökstuðningur:

Lagt er til að taka út óþarfa orðalag til einföldunar.

Að kynningu lokinni gaf fundarstjóri orðið laust. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri kynnti í kjölfarið tilhögun atkvæðagreiðslu sem færi fram með rafrænum hætti. Bæði sjóðfélagar á fundarstað og þeir sem fylgdust með í gegnum streymi gætu greitt atkvæði um tillögurnar með rafrænum hætti í gegnum hlekk sem var aðgengilegur sjóðfélögum með QR kóða á fundinum og á hlekk á vef Frjálsa.

Tillögur stjórnar voru bornar upp til rafrænnar atkvæðigreiðslu og voru niðurstöðurnar eftirfarandi:

Breytingartillaga 1 – grein 11.3:

Já	100,0%
Nei	0,00%
Tek ekki afstöðu	0,00%
Samtals	**100,0%**

Breytingartillaga 2 - grein 11.8:

Já	99,38%
Nei	0,62 %
Tek ekki afstöðu	0,00%
Samtals	**100%**

Breytingartillaga 3 – grein 16.7:

Já	99,28%
Nei	0,72%
Tek ekki afstöðu	0,00%
Samtals	**100%**

Breytingartillaga 4 – grein 16.8:

Já	98,05%
Nei	1,74%
Tek ekki afstöðu	0,21%
Samtals	**100%**

Breytingartillaga 5 – grein 17.1:

Já	92,19%
Nei	6,20%
Tek ekki afstöðu	1,61%

Samtals	**100%**

8. Laun stjórnarmanna

Fundarstjóri kynnti tillögu um stjórnarlaun:

Stjórnarlaun aðalmanna

Lagt er til að stjórnarlaun aðalmanna verði 305.000 kr. á mánuði, laun stjórnarformanns verði tvöföld laun aðalmanna og laun varastjórnarformanns ein og hálf laun aðalmanna.

Auk þess er lagt til óbreytt fyrirkomulag þess efnis að ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega, sem nemur helmingi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanns, fyrir hvern setinn aukafund sem er haldinn umfram reglubundna stjórnarfundi skv. starfsáætlun stjórnar.

Ekki er greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári.

Stjórnarlaun varamanna

Lagt er til að stjórnarlaun varamanna verði helmingur af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna fyrir hvern setinn fund.

Árslaun varamanna skulu vera að lágmarki ein og hálf mánaðarlaun stjórnarmanns.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að tjá sig um tillöguna.

Anna Linda Bjarnadóttir sagði að sér þætti skrítið að frambjóðendur kynntu sig ekki á fundinum og óskaði eftir skýringu á vinnuframlagi stjórnar sem væri að baki 305 þúsund króna launum fyrir hvern fund.

Spurði hversu mikið vinnuframlag væri að baki 305 þúsund krónum í klukkustundum talið og í hverju þetta vinnuframlag fælist og varðandi aukafundina þá þætti sér nokkuð ríflegt að greiða til viðbótar rúmar 150 þúsund krónur fyrir að mæta á einn fund. Það hefur ekki verið upplýst að þetta vinnuframlag eða annað og ég vil líka gera athugasemd við það áðan þegar að kynnt var kjör nýrra stjórnarmanna var engin kynning á þessu fólki sem var kosið í stjórn og varastjórn.

Fundarstjóri gat þess að þar sem kosning stjórnar væri afstaðin fyrir fundinn hafi ekki verið talin ástæða til sérstakrar kynningar frambjóðenda á fundinum. Frambjóðendur hafi verið kynntir á aðalfundarsíðu á heimasíðu Frjálsa.

Ásdís Eva Hannesdóttir formaður stjórnar fór yfir vinnuframlag og ábyrgð stjórnarmanna.

Fundarstjóri kynnti í kjölfarið tilhögun atkvæðagreiðslu um stjórnarlaun sem færi fram með rafrænum hætti. Bæði sjóðfélagar á fundarstað og þeir sem fylgdust með í gegnum streymi gætu greitt atkvæði um tillögurnar með rafrænum hætti í gegnum hlekk sem var aðgengilegur sjóðfélögum með QR kóða á fundinum og á hlekk á vef Frjálsa.

Tillagan var borin upp til rafrænnar atkvæðigreiðslu og var niðurstaðan eftirfarandi :

Já	85,20%
Nei	14,80%
Tek ekki afstöðu	0,0%
Samtals	**100%**

Tillagan um laun aðal- og varamanna var samþykkt.

9. Önnur mál

Fundarstjóri bauð fundargestum að tjá sig um önnur mál. Enginn óskaði þess. Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara og boðaði að fundargerðin yrði sjóðfélögum aðgengileg á vefsíðu sjóðsins. Fundarstjóri þakkaði framsögumönnum fyrir þeirra framlag til fundarins og fundarmönnum samstarf við fundarstjóra um afgreiðslu dagskrármála.

Fundarstjóri gaf formanni stjórnar orðið, hún þakkaði Jóni G. Kristjánssyni fyrir vel unnin störf fyrir sjóðinn, færði honum blómvönd og sleit hún fundi kl. 19:17.

Gestur Jónsson
Fundarstjóri

Unnur Elín Jónsdóttir
Fundarritari